

Fundargerð.

Fundur stjórnar Foreldrafélags Menntaskólans í Reykjavík (FMR) 23. ágúst 2018 í kaffistofu MR, klukkan 17-18.

Viðstaddir: Sigrún Jóhannesdóttir, Katrín Heiðar, Ragný Guðjohnsen, Þórður Helgason, Sigríður Hermannsdóttir, Erlendur Svavarsson, Sigríður Björnsdóttir úr stjórn FMR. María Björk Kristjánsdóttir félagsmálafulltrúi MR.

María Björk var með fyrri hluta fundar og sagði frá að skólinn væri búin að ákveða að allir nýnemar yrðu látnir blása í áfengismæla fyrir busaballið. Aðrir nemar hefðu val hvort þeir vildu blása. Veglegir vinningar verða í edrúpottinum og foreldrafélagið ákvað á fundinum að styrkja edrúpottinn og gefa 16 gjafabréf að andvirði 15 000 hvert gjafabréf. Fulltrúar nemendafélagsins komu og voru með í 15 mín og voru þau mjög ánægð og skólinn líka að foreldrafélagið styðji við edrúpottinn.

Gylfi Magnússon, María Soffía Gottfreðsdóttir og Margrét Hafsteinsdóttir fara úr stjórn nú þar sem börn þeirra útskrifuðust í vor. Erlendur Svavarsson sem á son sem er að byrja á fyrsta ári hefur mikinn áhuga að starfa með stjórn foreldrafélagsins og sat hann með á fundinum. Gott væri að fá tvo foreldra til viðbótar en í stjórninni fyrir 2017-2018 voru 9 foreldra sem störfuðu í stjórninni og skiptu með sér hlutverkum.

Þar sem er mikilvægt að fá nýjan gjaldkera sem tekur við að Gylfa Magnússyni og hefur aðgang að bankareikningi félagsins var Sigríður Hermannsdóttir beðin um að taka þetta hlutverk að sér sem hún samþykkti.

Kynningarfundur með foreldrum og forráðamönnum nemenda í 4. bekk verður í Ráðhúsi Reykjavíkur mánudaginn 27. ágúst kl. 20:00 og munu Ragný Guðjohnsen og Katrín Heiðar fulltrúar FMR kynna félagið og athuga hvort það eru áhugasamir foreldrar sem vilja koma í stjórn.

Busaballið verður 30. ágúst 2018 og munum þær fá foreldra til að koma og hjálpa milli klukkan 22-00.

Ákveðið var að halda aðalfund FMR annað hvort 4. eða 8. okt. og þá verður kosið í nýja stjórn.

Við þennann.

Sigríður Björnsdóttir, ritari.